

1866.
16. febrúar.

að endurskoða lögin 19. jan. 1863. Eins og sjá má á álitsskjali nefndar þeirrar, er sett var í þjóðþinginu til að íhuga frumvarp stjórnarinnar til laga um laun handa ýmsum embættismönnum á Íslandi (sbr. Tíðindi frá 14. fundi ríkisþingsins, viðbæti B, 337. dálk), þókti ríkisþinginu ísjárvert, sökum óvissu þeirrar, er þá var um hvernig hagað yrði fjárhagssambandinu millum Íslands og Danmerkur, að fallast á frumvarpið í því formi, sem það kom frá stjórninni, heldur ræði það af að veita launabætur til bráðabirgða. En eptir því, hvernig alþingi tók í frumvarp það, er lagt var fyrir það á síðasta fundi þess, um breytingu á fjárhagssambandinu milli Íslands og hins hluta ríkisins, er óvissan um það enn hin sama, og það getur því ekki þókt tiltækilegt nú sem stendur að fara að endurskoða launaákvæðanir þær, er einmitt af þessari ástæðu voru settar til bráðabirgða. Þess vegna hefir þókt best við eiga að stinga uppá, að endurskoðuninni á launalögum þessum sé skotið á frest á sama hátt, og ákveðið hefir verið um hin launalögin, þannig, að hún fari fram fyrir lok fjárhagsársins 1867—68.

17. febrúar.

17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um alþingistoll af eyðieyjunni Andriðsey og afgangi því, er þurrabúðarmenn í Brautarholti gjalda landsdrottni.

Í bréfi dagsettu 20. októbermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þegar stiptamtið hafi yfirskoðað alþingistollsreikninginn fyrir Gullbringu og Kjósar sýslu árið 1861, hafi það fundið að um Kjalarnes hrepp, að ekki hafi verið goldinn alþingistollur af arðinum af eyðieyjunni Andriðsey, sem liggur undir Brautarholt, og eigandinn sjálfur notar, en hefir byggt sjálfa jörðina, og að ekki hafi heldur verið goldinn alþingistollur af afgangi því, sem þurrabúðarmennirnir í Brautarholti gjalda landsdrottni; hafi tekjur þessar samtals verið virtar á 141 rd. 20 sk., og hefði átt að gjalda alþingistoll af þeim, 8 skildinga af hverjum ríkisdal, eða alls 11 rd. 74 sk.

1866.

17. febrúar.

Sama útásetning hafi verið gjörð um alþingistollsreikninginn árið 1862, og voru tekjur þessar þá virtar á 145 rd. 60 sk.; þá átti að gjalda $2\frac{1}{3}$ sk. af hverjum dal í alþingistoll, og þá af þessum tekjum alls 3 rd. 52 sk. Með því að eigandi Brautarholts hefir færzt undan að gjalda fê það, er á þenna hátt hefir verið gjörð útásetning um, hafið þér, herra stiptamtmaður, borið málefni þetta undir úrskurð stjórnarráðsins, og um leið sagt álit yðar um það á þessa leið:

1. Um skyldu eigandans til að gjalda alþingistoll af afgjaldi því, er hann fær af þurrabúðunum, sem byggðar eru í Brautarholti, eruð þér að vísu á því máli, að eptir réttum skilningi á reglugjörð dómsmálastjórnarinnar handa hreppstjórunum á Íslandi, dagsettri 18. júlímán. 1848, eigi að reikna alþingistoll af afgjöldum þessum, en að samt sem áður sæu varla nægar ástæður til að halda fram kröfu um alþingistolls gjald í því tilfelli, sem hér ræðir um, af því að það líti svo út, sem ekki hafi verið venja í Kjalarnes hrepp að reikna þesskonar gjöld með, og að sèr í lagi megi sýna fram á, að afgjöldin af þurrabúðunum í Brautarholti hafi ekki verið tekin með.
2. Um Andriðsey hafið þér tekið fram, að hún að vísu hafi ekki verið metin útaf fyrir sig, en af því að þar er æðarvarp, og eyjan gefur af sèr talsvert af töðu, þá sè óhætt að segja, að hún sè mikill partur úr eign þeirri sem hún liggur undir. Það hafi heldur ekki að undanfögnu sèrstaklega verið tekið tillit til hennar, þegar alþingistollinum hafi verið jafnað niður, en að samt sè efalaust, að áður fyrri, meðan ábúandinn á heimajörðinni einnig hafði afnotin af eyjunni, þá hafi verið tekið tillit til hennar, þegar ákveðinn var alþingistollur af heimajörðunni, og að það því virðist vera öldungis rétt, að goldinn sè alþingistollur framvegis af eyjunni, þó hún ekki lengur sè byggð með heimajörðinni, en eigandinn hafi sjálfur afnotin af henni. En af því svo er að sjá, sem hreppstjórinn í Kjalarneshreppi og aðstoðarmenn hans hafi byggt virðingu sínu á arðinum af eyjunni á því, hversu mikið hún gefur af sèr alls, en ekki tekið

1866.

17. febrúar.

vinnukostnaðinn til greina, þá álitíð þér að færa eigi niður tekjurnar af eyjunni árið 1861 úr 115 rd. 12 sk. í 65 rd. 90 sk. og árið 1862 úr 114 rd. 16 sk. í 65 rd. 50 sk.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjöríð ráðstafanir þær, er þörf er á, að dómsmálastjórnin fellst á uppástungur yðar um þetta efni, svo að eigandi jarðarinnar Brautarholts þarf ekki að gjalda neinn alþingistoll fyrir árin 1861 og 1862 af afgangi því, sem hann hefir fengið af þurrabúðunum í Brautarholti, en að honum aptur á móti ber að gjalda 5 rd. 48 sk. í alþingistoll af arðinum af Andriðsey fyrir árið 1861 og 1 rd. 57 sk. fyrir árið 1862. Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir skorað á hina amtmennina að skýra frá álitinu sínu um, hvernig skera eigi úr spurningum sama efnis og þær, sem þér hafið borið upp, og getið þér búizt við seinna að fá ítarlegri úrskurð frá stjórnarráðinu um það.

20. febrúar. 16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fjárhagslögin fyrir fjárhags-árið 1866—67.

(Þetta bréf er samhljóða bréfi dómsmálastjórnarinnar 18. marzmán. 1865 á 160. bls. hér að framan.)

21. febrúar. 17. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi um, hvernig verja skuli leigunum af kollektusjóði Jóns Eiríkssonar.

Í bréfi dags. 18. febrúarmán. f. á. skoraði kirkju- og kennslustjórnin á yður, háæruverðugi herra, ásamt með amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, að taka til íhugunar og senda síðan stjórnarráðinu álitsskjal ykkar um það, hvort ekki þækti best henta að skipta eptirleiðis upp öllum leigunum, 260 rdl., af hinum svonefnda kollektusjóði Jóns Eiríkssonar, milli 3 eða 4 allralökustu brauðanna í norðurumdæminu, í stað